

*Fornleifakönnun  
við Reykjanesbraut*

*Oddgeir Hansson*



Fornleifastofnun Íslands

FS149-00141

Reykjavík

## Efnisyfirlit

|  |        |
|--|--------|
| 1. Kafli: Inngangur.....   | bls. 1 |
| 2. Kafli: Um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda á.....<br>menningarminjar | bls. 2 |
| 3. Kafli: Fyrri rannsóknir.....  | bls. 3 |
| 4. Kafli: Fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.....                  | bls. 3 |
| 5. Kafli: Skrá yfir fornleifar.....                                      | bls. 4 |
| 6. Kafli: Minjar í hættu vegan fyrirhugaðrar vegagerðar.....             | bls. 7 |
| 7. Kafli. Tillaga um aðgerðir.....                                       | bls. 8 |
| 8. Kafli. Niðurlag.....  | bls. 8 |

## 1. kafli: Inngangur

Fyrirhuguð er tilfærsla á vegarstæði Reykjanesbrautar til suðurs á svæði sem nær frá því á móts við bæinn Ás í Hafnarfirði, suður fyrir kirkjugarðinn og að Lækjargötu, þar sem það sameinast aftur gamla vegarstæðinu. Þá er einnig gert ráð fyrir tvennum mislægum gatnamótum á þessum vegarkafli, n.t.t á mótum Lækjargötu og Reykjanesbrautar og á mótum Reykjanesbrautar við Kaldárselsveg og Öldugötu. Auk þess er gert ráð fyrir tengibraut, svonefndri Ásbraut sem tengja á hið nýja Áshverfi við síðarnefndu gatnamótin.

Vorið 2001 fór Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf. þess á leit við Fornleifastofnun Íslands að hún gerði mat á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á menningarminjar á svæðinu. Hafði Fornleifastofnun haustið 2000, gert fornleifakönnun vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar, á svæði sem náði frá hringtorgi við Leifsstöð og að Hafnarfjarðarbæ, og birtust niðurstöður hennar í skýrslu sem kom út vorið 2001. Er sú könnun sem hér er greint frá því í raun viðbót við þá skýrslu.

Þegar lá fyrir svæðisskráning fornleifa í Hafnarfirði en hún var gerð 1998 fyrir Hafnarfjarðarkaupstað og var því þegar hafist handa við að kanna staðsetningu þeirra með tilliti til nálægðar við framkvæmdasvæðið. Náði svæðið sem kannað var yfir land fjögurra gamla bújarða þ.e. Setbergs, Ófriðarstaða (Jófriðarstaða), Hamarskots og Áss. Við vettvangskönnun var rætt við staðkunnuga, loftmyndir athugaðar og gengið á þá minjastaði sem voru í grend við væntanlegt vegarstæði og þeir skoðaðir, ásamt því að nýja vegarstæðið og næsta nágrenni þess var grandskoðað. Á grundvelli þessa var tekin saman skrá yfir fornleifar á svæðinu og hún skoðuð í ljósi fyrirhugaðra framkvæmda.

Í skýrslunni er fylgt hefðbundinni framsetningu FSÍ á nauðsynlegum gögnum við umhverfismat,<sup>1</sup> og greint frá lögbundnum forsendum fornleifakönnunar, takmörk rannsóknarefnis skilgreind, greint frá fyrri fornleifaathugunum á svæðinu, vettvangsrannsókn lýst, lagt mat á áhrif framkvæmda og gerðar tillögur um aðgerðir. Sædís Gunnarsdóttir vann heimildavinnu (svæðisskráning) en Oddgeir Hansson sá um vettvangsvinnu og úrvinnslu skýrslu undir stjórn Orra Vésteinssonar fornleifafræðings.

Sérstakar þakkir fá heimildamenn fyrir ómetalega aðstoð og hjálpsemi í hvívetna.

---

<sup>1</sup> Sbr. Adolf Friðriksson, *Skýrsla um menningarminjar við fyrirhugað vegarstæði Snæfellsvegar um Mávahlíð*, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík, 1997.

## 2. Kafli. Um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda á menningarminjar

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 17. grein Þjóðminjalaga (nr. 88/1989, sbr. lög nr. 43/1991 og breyting á lögum samþykkt 7/5 1994), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: "Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja...". Auk þjóðminjalaga ná lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 einnig yfir verndun menningarminja, enda markmið laganna að tryggja að mat á umhverfisáhrifum verði fastur liður í undirbúningi að framkvæmdum. Í 5. gr. ofangreindra laga eru sérstaklega tilgreindar framkvæmdir sem háðar eru umhverfismati, og er vegagerð þar á meðal. Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið í þessari nýju löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölbætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið; skipsflök eða hlutar úr þeim.  
Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu hefur verið fylgt við framkvæmd mats á umhverfisáhrifum, líkt og gert er við fornleifaskráningu.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 21. gr. Þjóðminjalaga segir m.a. : "Nú telur... sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, svo sem vegagerð, að hann þurfi að gera jarðrask er haggar við fornleifum og skal hann þá skýra Þjóðminjasafni Íslands frá því áður en hafist er handa um verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmdum muni leiða. Þjóðminjasafn ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefjast og á hvaða skilmálum.

Við allar meiri háttar framkvæmdir, svo sem vegagerð,... skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum."

### 3. Kafli. Fyrri rannsóknir

Fyrir utan uppgröft á kapellu í Kapelluhrauni árið 1950 hafa engar skipulegar fornleifarannsóknir verið gerðar á skráningarsvæðinu. Miklum heimildum um fornleifar var þó safnað um og eftir miðja 20. öld við skráningu örnefna en örnefnalýsingar eru til af öllu svæðinu. Þá skráði Þjóðminjasafn Íslands fornleifar í landi Hafnarfjarðarkaupstaðar á árunum 1987-90 og loks gerði Fornleifastofnun svæðisskráningu í Hafnarfirði 1998 og bættust þá allnokkrir staðir við fyrri skráningu, einkum staðir sem ekki eru sýnilegir á yfirborði. Einnig gerði Fornleifastofnun vettvangskönnun á hluta svæðissins vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar haustið 2000, eins og áður hefur verið minnst á.

### 4. Kafli. Fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði

Hér að neðan er birt skrá um fornleifar sem eru nálægt hinu áætlaða vegastæði. Í skránni eru allir þekktir minjastaðir á þeim jörðum sem koma við sögu. Aftast í skýrslunni er svo að finna loftmyndir þar sem allir þekktir minjastaðir í námunda við nýju veglínuna eru merktir inn. Við vettvangsvinnu var miðað við að skrá alla staði sem eru innan við 100 m frá veglínunni og ganga úr skugga um staðsetningu annara sem næst eru því svæði. Með þessu á að vera tryggt að heildaryfirlit um menningarminjar á svæðinu sé til taks og ennfremur að hægt verði að taka tillit til fornleifa verði breytingar á hönnun vegastæðisins frá þeim tillögum sem nú liggja fyrir.

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti og hver jörð

hefur númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Þá er hverri fornleif gefið númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: GK-172:030). Upplýsingar um hvern stað eru settar fram á staðlaðan hátt: fyrst kemur kennitala staðarins í gagnasafni Fornleifastofnunar Íslands, staðarheiti, tegund fornleifar, hlutverk og hnattstaðan í gráðum og mínútum. Þar næst kemur tilvitnun í heimild ef einhver er, lýsing á staðsetningu, aðstæðum og lokum aðrar upplýsingar, hættumat og heimildaskrá.

Alls voru skráðir 8 staðir á og í nágrenni við fyrirhugað framkvæmdasvæði. Í næsta kafla verður fjallað nánar um þá staði sem teljast vera í sérstakri hættu vegna framkvæmdanna, en hér eru gefnar grunnupplýsingar um menningarminjar í námunda við

## 5. Kafli. Skrá yfir fornleifar

### **GK-170 Ófriðarstaðir**

64°03.669N 021°57.347N

Jarðarinnar er fyrst getið árið 1541. DI X, 598. 1563: Jörðin 10 hndr. DI Safn I, 131-2. 1804 var jörðin 9 hndr og 36 álnir og kaupir Bjarni Sívertssen þá jörðina. SS: Saga Hafnarfjarðar, 61. 1847: 12 1/3 hndr. Nafn jarðarinnar breyttist á 19. öld í Jófriðarstaði. Ekki er ljóst af hverju jörðin dregur nafn, gæti verið af bardaga sem þar hafi átt sér stað en SS telur nafnið stafa af því að þar hafi verið allra veðra von. Hannes Þorsteinsson telur að nafnið Jófriðarstaðir sem fyrst kemur fram árið 1868 hafi vrið leiðréttingartilraun en Ófriðarstaðir sé réttnefni. Árbók 1923, 31. Mörg smábýli voru stofnuð í landi Ófriðarstaða, þeim hluta þess sem firmað Jensen og Schmidt seldi Steingrími Jónssyni og Árna Hildibrandssyni árið 1848 og seinna fékk nafnið Hamar. Hafnarfj. keypti jörðina Hamar 1915. Samkvæmt sögu Hafnarfjarðar voru öll nýbýlin suðaustan við Hafnarfjarðarbotn öll byggð úr landi Ófriðarstaða [eða Hamars]. SS: Saga Hafnarfjarðar, 54, 81, 87. ÁG: Saga Hafnarfjarðar 1908-1983 I, 104.

1703 voru engar engjar á jörðinni. Túnakort er ekki til.

#### **GK-170:001**

"Ófriðastaðabær stóð í svolitlum slakka austur af Ófriðarstaðahól. Vestan bæjarins stóð Ófriðarstaðahúsið, eftir að þar var reist, og tvíbýli varð á jörðinni 1885." Kapólska kirkjan stendur nú í Ófriðarstaðatúni, fast sunnan við gamla bæjarstæðið. Tvær tóftir útihúsa sjást enn vestast í túninu ásamt því að leifar túngarðs eru meðfram suðurjaðri að hluta.

#### **GK-170:067 Dagmálavörða** heimild um eyktarmark

64°03.519N 021°56.742V

"Norður undir Moshlíð, þar sem kirkjugarðurinn er nú, heita Öldur. Á Moshlíð stóð Dagmálavörða, nú rifin og ekki eftir af henni tangur né tetur." Uppi í Mosahlíð, um 100 m suður af kirkjugarðinum og um 25 m norður af fyrirhugaðri veglínu fyrirhugaðrar Ásbrautar, eru mikið signar og grónar leifar af vörðu. Er mögulegt að um sé að ræða leifar Dagmálavörðu.

Stórgrytt melholt

Er fremur lítið eftir af vörðunni og það litla sem eftir er er gróið og sigið sama.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Ófriðarstaðir AG, 1

## GK-172 Hamarskot

Garðakirkjueign. Þetta er að einhverju leyti sama jörð og konungsjörðin Akurgerði sem seld var 1804, þá í eyði. Kaupstaðurinn í Hafnarfirði mun hafa byggst í landi Akurgerðis, en þar varð eigi aflað heys 1803 vegna þess að verslunarhúsin stóðu á slægjulandinu. 1553 er jörðin senilega nefnd í fógetareikningum. DI XII, 577, sbr. 795. 1579: Minnst á jörðina í sambandi við landamerkjadeilur H og Setbergs. 1703 er jarðadýrleiki óviss, Garðakirkjueign. 1847: "Prestur nefnir Flensborg, en þareð verzlunarstaður þessi eigi sést að hafi grasnyt, sem virðt varð til dýrleika 1803, hefir sýslumaður, líklega af góðum rökum, sleppt honum í skýrslu sinni. Af sömu ástæðu mun sýslumaður og hafa sleppt verzlunarstaðnum Hafnarfirði, sem A.M. segir að stadni á Akurgerði (fyrrum hjáleigu frá Görðum), og telur þar 60 al. Isk. 1 kúg, en jb. 1803 segir, að þar verði eigi aflaðs heys, því eina slægjulandið sé þar sem verzlunarhúsið standi." JJ 1847, 92. Jörðin keypt af hafn. árið 1912 að undanskildu Hamarskotstúni innan girðinar og Undirhamarkotstúnbletti. ÁG: Saga Hafnarfjarðar 1908-1983 I, 104.

1703 voru engar engjar á jörðinni. Túnakort ekki til. "Túni liggur í slakka ofan, norðan frá Hamrinum, sem gengið hefur undir nöfnunum Hamarskotshamar eða Hafnafjarðarhamar." Ö-Hamarskot, 1

### GK-172:001

64°03.999N 021°57.107V

"Hamarskotsbærinn stóð á Hamarskotstúni vesturlega, rétt ofan til við Hamarskotshól." Bærinn stóð á svipuðum slóðum og nú er norðurendi Brekkugötu.

### GK-172:017 Lækjargötubrú heimild um brú

64°04.027N 021°56.517V

"Um 1903 kom svo Stíflan, virkjun lækjarins fyrir verksmiðjuna Dvergur. Þar er nú Austurgötubrú. Hundrað metrum ofar var í eina tíð Gerðisbrúin, sem burt var tekin þegar lögð var Hverfisgötubrúin. Þá kom enn ofar Lækjargötubrúin sem lögð var 1908 þegar efri Rafstöðin var byggð við Hörðuvallahúsið . Nr. 1." Brú þessi mun hafa verið þar sem Lækjargatan liggur nú yfir lækinn.

Lækurinn er nu leiddur undir götuna um rör.

Ekki sést til fornleifa.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Hamarskot, 2

### GK-172:018 Lækjargata heimild um leið

"Troðningur lá hér inn með læknum norðan undir Hamrinum. Lækjargata um Lækjarbakkann allt inn að Lækjarvaði ..." Götutroðningur þessi lá á sama stað og lækjargata liggur nú. Fær hann sömu GPS-hnit og 017.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Hamarskot, 2

### GK-172:029 heimild um leið

64°03.726N 021°56.630V

"Austan við Hamarinn láu götutroðningar nafnlaustir upp á Öldur, þar voru melar og rofabörð suður eftir. Syðstu börðin nefndust Hvíldarbörð." Líklegt er að götutroðningar þessir hafi verið þar sem u.þ.b. þar sem Öldugatan liggur nú. Eru GPS-hnit tekin á mótum Öldugötu og Reykjanesbrautar.

Malbikaður vegur.

Ekki sést til fornleifa.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Hamarskot, 3

### GK-172:030 Hvíldarbarð örnefni áfangastaður

64°03.673N 021°56.566V

"Austan við Hamarinn láu götutroðningar nafnlaustir upp á Öldur, þar voru melar og rofabörð suður eftir. Syðstu börðin nefndust Hvíldarbörð." Öldur nefnist það svæði þar sem kirkjugarður Hafnfirðinga er nú. Ekki er ljóst hvar hvíldarbörð munu nákvæmlega hafa verið, en þar sem þau voru á svipuðum slóðum og kirkjugarðurinn er nú, fá þau sömu hnit og 031. Í kringum miðja 20. öld upphófst talsverð matjurtagarðrækt á þessu svæði og sjást leifar hlaðinna garðveggja víða í kringum kirkjugarðinn, sem og leifar kofabygginga er þeim tengdust. Eru hnit tekin við NA- vegg kirkjugarðsins.

Kirkjugarður, umkringdur grasgrónum mótum og óræktartúnum.

Ekki sést til fornleifa

**Hættumat:** hætta vegna vegaf framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Hamarskot, 3

**GK-172:031** Þjóðsaga draugur

64°03.673N 021°56.566V

"Austan við Hamarinn láu göturoðningar nafnlaustir upp á Öldur, þar voru melar og rofabörð suður eftir. Syðstu börðin nefndust Hvíldarbörð. Fram undir 1910 hafðist við á Öldunum og í börðunum útburður. Var barn norið út í tjarnir neðan Setberg og færðist upp þangað." Öldur nefnist það svæði þar sem kirkjugarður Hafnirfirdinga er nú. Í kringum miðja 20. öld upphófst talsverð matjurtagarðrækt á þessu svæði og sjást leifar hlaðinna garðveggja víða í kringum kirkjugarðinn, sem og leifar kofabygginga er þeim tengdust. Eru hnit tekin við NA- vegg kirkjugarðsins.

Kirkjugarður, umkringdur grasigrónum móm og óræktartúnum.

Ekki sést til fornleifa.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hamarskot, 3

**GK-172:032** *Mosahlíðarvarða* heimild um landamerki

"Hér kom Selvogsgatan og lá inn á Mosahlíð, en þar var í eina tíð Mosahlíðarvarða, landamerki milli Hamarskots og Ofriðarstaða."

**Heimildir:** Ö-Hamarskot, 3

**GK-172:079** mannvirki

64°03.968N 021°56.407V

"Rafstöðvarstíflan: Hún var reist 1906 og stendur enn." Rafstöðvarstíflan er þar sem lækurinn rennur á milli gatnanna Ljósatraðar og Lækjarkinnar. Eru GPS-hnit tekin á stíflunni.

Lækur

Stíflan er steinsteypt, um \_ m að lengd og um \_ á hæð.

**Hættumat:** hætta vatnsrof

**Heimildir:** Ö-Hafnarfjörður, 110

## **GK-173 Setberg**

1505: "var það setberg fyrir svnnan land vid hafnarfiord. ok þar med ij. kvgilldi edvr iij huortt ed uæri. iij uættir smiors vr holom. leigur fra haugatungu vppa .iij. ar. var þetta allz .x. vætter. sagdist grimr hafa likt þoruardi adr .xxxiij. kugilldi. heyrðum vær þa aunguan aaskilnad þessara þratt greindra manna. helldr kom þeim alltt uel samann suo uær heyrðum." DI VII, 797. 1523: var Tómas Jónsson kvittaður af jörðinni Setbergi af Pétri og Halli Björnssonum. Þá voru landamerkin: "Vr midium kietheller og i stein [þan er stendur i fremsta tiorn ) hollte. vr honum og i Hellv þa er stendur i lambhaga. þaðan og i [nedstu jardbru). so epter þui sem lækurinn af skier lj tungards endan. þaðan i silungahellu. so þaðan og i þufuna sem sudur a holltenu stendur. vr henne og i midian kietheller. hier ad auk a Garda stadur tolf hesta [Reidings ristu ) i setbergs lande. en opt nefnt setbergs budarstödu vid skipaklett i garda lande." DI IX, 146. 1658, selur Tómar Björnsson sr. Þorsteini Björnssyni 8 hndr. í Setbergi. 1664 setur Tómar Björnsson fógetanum 8 hndr í Setbergi. 1665 eignast Guðrún Björnsdóttir 8 hndr í Setbergi. Jarðabréf, 15. 16 hndr 1703. 1912 keypti Hafnarfjörður Setbergsland allt til Lækjarbotna. "Samkvæmt dómi frá 5. des 1924 eru landamerki milli Setbergs og þess hluta Garðakirkjulands, sem með lögum nr. 13, 1912 var selt Hafnarfjarðarkaupstað, sem hér segir: "Úr neðstu jarðabré í Kaplakrika eftir Kaplalæk í hraunjaðrinn beint vetur af þeim steað þeim, þar sem Kaplalæk er nú veitt úr eldri farveg sínum, rétt norðan við Baggalágar vestur af Setbergslandi, þaðan beina línu í stíflugarð rafstöðvartjarnarinnar, þá eftir garðinum og úr honum beint í markþúfu suður og uppi á holtinu þaðan í upptök lækjar þess, serm Hafnarfjarðarkaupstaður fær neyzluvatn sitt úr, þá í Gráhellu og þaðan í miðjan Ketshelli. ..." SS: Saga Hafnarfjarðar, 432nm. "Lönd jarðanna Þórbergs, Setbergs og Hlébergs, sem eru innan lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðarkaupstaðar, mun Hafnarfjarfjarðarbær eignst innan tíu ára, sbr. samning við landeigendur, dagsettan í júlí 1980." ÁG: Saga Hafnarfjarðar 1908-1983 I, 122



**GK-173:001**

64°04.039N 201°55.727V

"Setbergsbær stóð í Setbergstúni ofarlega nokkuð og lá túnið mót suðvestri." "U.þ.b. 20 m austan við hlöðu/fjós." Sjást rústir gamla Setbergsbæjarins enn. Um 1772 var bærinn á S teiknaður upp og þótti mjög reisulegur, enda sýslumannsbústaður. "Lágur bæjarhóll (0,3-1 m). Austurhlið = 47, vesturhlið = 43 m, norðurhlið = 19,4 m suðurhlið = 19,6 m. Í norðurhluta bæjarstæðisins hefur verið kartöflu/lkálgarður, einnig í suð-austurhlutanum. Kartöflugeymsla hefur verið byggð við vesturenda syðri garðsins. Þar suðruaf er um 2 m djúp hola 3x2 m að stærð. Veggir bæjarins voru ógreinilegir að frátöldum löngum vegg er la frá N-S u.þ.b. í miðjum hólnum. Örlúttinn hæðarmismun má greina líkt og hryggi frá A-V vestan við þennan langvegg. Við SV horn bæjarstæðisins er rúnaður steinn um 100x50 cm að ofanmáli. Steinn þessi er þakin járnfleinum að ofan. Júlíus Lárusson segir að þegar hann gerði kartöflugeymsluna hafi mikið af jární komið upp og taldi hann víst að þarna hefði verið smiðja. Steinninn með járnöglunum eða fleinum er við sama enda rústanna og kartöflugeymslan."

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1918; Ö-Setberg GS, 1; SS: Saga Hafnarfjarðar, 41; Þjóðminjaskráning í Hafnarfirði 61

## 6. Kafli. Minjar í hættu vegna fyrirhugaðrar vegagerðar

Að lokinni heimildakönnun og vettvangsrannsókn er ljóst að á framkvæmdasvæðinu og í næsta nágrenni eru 8 minjastaðir þekktir, sem teljast samkvæmt lögbundinni skilgreiningu til fornleifa og eru því friðhelgir. Þar af eru 6 staðir sem teljast í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þeir eru: **GK-170:067** *Dagmálavarða*, **GK-172:029** heimild um leið, **GK-172:030** *Hvíldarbarð*, **GK-172:031** þjóðsaga draugur, **GK-172:017** *Lækjargötubré* og **GK-172:018** *Lækjargata*.

Einungis ein þessara fornleifa sést enn, en það er *Dagmálavarða* **GK-170:067** sem er skammt frá fyrirhuguðu vegarstæði Reykjanesbrautar og Ásbrautar. Er þessar vörðuleifar nánar tiltekið að finna uppi í Mosahlíð um 100 m suður af kirkjugarðinum og um 25 m norður af fyrirhuguðu vegarstæði Ásbrautar. Þrjár fornleifar eru nú þegar horfnar vegna fyrri framkvæmda en það eru götutroðningar **GK-172:029**, *Lækjargötubré* **GK-172:017** og götutroðningurinn *Lækjargata* **GK-172:018**. Götutroðningar **GK-172:029** lágu austan við Hamarinn og upp á Öldur, en svo nefnist svæði það sem kirkjugarður Hafnfirðinga er nú á. Er talið líklegt þeir hafi legið þar sem Öldugata er nú og eru þeir einnig skornir af núverandi vegarstæði Reykjanesbrautar. *Lækjargötubré* **GK-172:017** og *Lækjargata* **GK-172:018** eru báðar horfnar undir núverandi *Lækjargötu*. Loks eru tvær fornleifar sem ekki eru mannvirkjaleifar, þar sem annars vegar er um að ræða fornan áningarstað, *Hvíldarbarð* **GK-172:030**, og hinsvegar þjóðsögustað (reimleikar) **GK-172:031**. Í þessum tilvikum er ekki vitað um staðsetningu að öðru leyti en því að báðir staðirnir eru í áður nefndum Öldum.

Auk þeirra menningarminja sem taldar hafa verið upp hér að framan er einnig að finna í kringum kirkjugarðinn í Öldunum og uppi í Mosahlíð, leifar hlaðinna kálgarða

og bygginga þeim tengdum, sem heimildamönnum ber saman um að séu frá því í krinugum miðja 20. öld. Eru tveir torfkofar enn uppistandandi sem fylgja þessum leifum. Kálgarðarnir eru sérstaklega áberandi fast sunnan við kirkjugarðinn og lenda margir í nýju veglínunni. Þá er einnig fjárhústóft skammt austur af SV- horni kirkjugarðsins. Segir Sigurður Arnórsson f.1924 að um sé að ræða leifar frá þeim tíma er Hafnfirðingar stunduðu fjárbúskap í Öldunum á um miðja 20. öld og fleiri fjárhús og kofar hafi verið þar sem kirkjugarðurinn er nú. Er fjárhústóftin hættu vegna framkvæmdanna. Þar eð þessar minjar eru yngri en 100 ára, falla þeir ekki undir lögbundna skilgreiningu á fornleifum, en segja má að þær hafi gildi sem annars vegar minjar um sögu garðyrkju og fjárbúskap Hafnfirðinga, sem nú eru liðin undir lok. Er öruggt að hluti þessara minja mun hverfa alveg vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

## 7. Kafli. Tillaga um aðgerðir

Að lokinni heimildakönnun og rannsókn á vettvangi er ljóst að það er einungis *Dagmálavarða GK-170:067* sem talist getur í nokkurri hættu vegna framkvæmdanna. Hún er ekki í fyrirhuguðum veglínunum Reykjanesbrautar og Ásbrautar, en getur samt sem áður orðið fyrir hnjaski af völdum umferðar vinnuvéla. Þarna þarf því að sýna sérstaka aðgát svo varðan skemmist ekki af vangá.

Hleðslur, kofar og aðrar leifar kálgarða á svæðinu sem og fjárhústóftin, teljast ekki til fornleifa. Hér er mælt með að álit verði frá réttum ábyrgðaraðila frá Hafnarfjarðarbæ um hvort bærinn telji æskilegt að varðveita þessar minjar eða farga þeim.

## 8. Kafli. Niðurlag

Í skýrslulok er rétt að geta þeirra takmarka sem eru á þessu mati. Mat á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á fornar mannvistaleifar er nýjung hér á landi og enn er langt í land að unnt sé að skera úr með fullri vissu að veglína hafi verið valin á þann hátt að engin hætta sé á að minjar finnist þar síðar, t.d. við jarðrask. Við framkvæmdir verður að hafa í huga að fornleifar geta komið óvænt í ljós og að stöðva þurfi framkvæmdir vegna þess þar til úrskurður þjóðminjavörslunnar er fenginn sbr. 20. gr. þjóðminjalaga.

## Heimildaskrá

### Heimildamenn:

Elísabet Reykdal, f. 1912, Setberg  
Óttar Geirsson, f. 1936, Hamarskot, Ófriðarstaðir  
Sigurður Arnórsson, f. 1924, Ófriðarstaðir og Ás  
Skúli Geirsson, f. 1933, Setberg  
**Óprentaðar heimildir:**

### *Fornleifastofnun Íslands*

ÍSLEIF, gagnagrunnur um íslenskar fornleifar, Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson ritstj.

### **Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn**

#### *Þjóðminjasafn Íslands*

Fornleifaskráning í Hafnarfirði 1987-1990.

#### *Þjóðskjalasafn Íslands*

Jarðadeild. Uppdrættir af túnum 1919. Þjóðskjalasafn Íslands.

### **Örnefnastofnun Íslands**

**Ö-Ás:** *Örnefnalýsing Áss.* Gísli Sigurðsson skráði. Örnefnastofnun.

**Ö-Ófriðarstaðir:** *Örnefnalýsing Ófriðarstaða.* Gísli Sigurðsson skráði. Örnefnastofnun.

**Ö-Ófriðarstaðir AG:** *Örnefnalýsing Ófriðarstaða.* Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun.

### **Prentaðar heimildir:**

**ÁG:** Ásgeir Guðmundsson. *Saga Hafnarfjarðar 1908-1983 I-III.* Hafnarfjörður 1983-1984.

**Árbók 1955-1956:** Kristján Eldjárn. “Kapelluhraun og Kapellulág: Fornleifarannsóknri 1950 og 1954”. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1955-1956.*

**Árbók 1923:** Hannes Þorsteinsson. “Rannsókn og leiðrjettingar á nokkrum bæjarnöfnum á Íslandi”. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1923.*

**DI:** *Íslenskt fornbréfasafn I-XVI,* Kaupmannahöfn/Reykjavík 1857-1972.

**JJ:** Jarðatal Johnsen: *Jarðatal á Íslandi,* Kaupmannahöfn 1847.

**JÁM:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, III.* Gullbringu- og Kjósarsýsla. Kaupmannahöfn 1943.

**SS:** Sigurður Skúlason. *Saga Hafnarfjarðar 1908-1938.* Hafnarfjörður. 1933.